

Nd. **160. Frumvarp til laga** [113. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextíu og fimm milljónir króna — eða tilsvarendi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Ráðherra raforkumála hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að ganga nú þegar frá lántöku vegna stækkunar Írafossvirkjunar við Sog. Með því að ríkissjóður sé ábyrgur in solidum með Reykjavíkurborg fyrir öllum skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949, sé nauðsynlegt að fá lagaheimild til lántöku. Enn fremur sé nauðsyn að fá heimild til handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán þau, sem tekin verða. Í samræmi við framanritað beri brýna nauðsyn til að afla téðra heimilda þegar í stað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextíu og fimm milljónir króna — eða tilsvarendi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík og á Akureyri, 24. maí 1962.

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jónatan Hallvarðsson.

Ingólfur Jónsson.